



HVALREKINN

Fréttabréf Hvaleyrarskóla
4. tbl. 9. árg. desember 2011



EFNI blaðsins

4. tbl. 9. árg.



Heilsueflandi grunnskóli



Hvaleyrarskóli er nú formlega þátttakandi í verkefni sem ber heitið Heilsueflandi grunnskóli og er á vegum Lýðheilsustöðvar. Hvaleyrarskóli er fyrsti grunnskólinn í Hafnarfirði sem tekur þátt í þessu verkefni. Áhersla verður lögð á mataræði/næringu og tannheilsu þetta skólaárið. Þar sem um langtíma verkefni er að ræða mun reglulegt endurmat eiga sér stað og í framhaldi af því mun næsti áherslupáttur vera ákveðinn.



Helstu markmið heilsueflandi grunnskóla er að vinna markvisst að því að efla og stuðla að velferð og góðri heilsu nemenda, starfsfólks og samfélagsins, bæta námsárangur nemenda, sjá til þess að skólaumhverfið sé öruggt og hlúa að nemendum, efla nemendur í námi og félagslífi og láta þá vera virka

þátttakendur í hvorutveggja.

Í Heilsueflandi grunnskóla er sérstök áhersla lögð á eftirfarandi átta þætti skólastarfsins: Nemendur, mataræði/tannheilsa, heimili, geðrækt, nærsamfélag, hreyfing/öryggi, lífsstíll og starfsfólk. Byggt verður ofan á þann grunn sem þegar er til staðar í skólanum en markmið, stefna og starf skólans fellur að mörgu leyti vel að markmiðum og áherslum Heilsueflandi skóla.

Hægt er að nálgast frekari upplýsingar um verkefnið á heimasíðu skólans undir Heilsueflandi grunnskóli.



KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA

Heilsueflandi
grunnskóli

Jólahald í
skólanum

Opnunartími
heilsdagsskólans

Námsráðgjafi

Jafntefli við
stórmeistarann



Skólahald hefst
samkvæmt
stundaskrá
4. janúar.
Gleðileg jól og
farsælt
komandi ár.





Jólahald í desember

Jólahald í yngri deild

12. desember Jólaundirbúningur hefst í bekkjunum. Gott væri að nemendur kæmu með efni til að nota fyrir jólaföndur t.d. gömul jólakort og jólapappír. Einnig er mikilvægt að nemendur hafi límstaut og skæri í skólatöskunni sinni.
15. desember Samvera verður hjá 3. GH.
20. desember Jóladagskrá: Frá kl. 9.00-11.00 (1.-2. bekkir).
Frá kl. 10.00-12.00 (3.-4. bekkir).

1.-2. bekkir	Stofujól	9.00-10.00	Jólaball	10.00-11.00
3.-4. bekkir	Stofujól	10.00-11.00	Jólaball	11.00-12.00

Stofujól: Smákökur og gos. Sælgæti er ekki í boði. Nemendur koma einnig með litla jólagjöf og er miðað við að hún kosti 500 -700 kr.

Jólaballið: Helgileikur og kór. Gengið verður í kringum jólatréð og spilað undir. Foreldrar eru velkomnir á jólaballið með börnum sínum.

Jólahald í miðdeild

12. desember Jólaundirbúningur hefst í bekkjum. Gott væri að nemendur kæmu með efni til að nota fyrir jólaföndur t.d. gömul jólakort og jólapappír. Einnig er mikilvægt að nemendur hafi límstaut og skæri í skólatöskunni sinni.
12. desember Hæfileikakeppni og jólaball frá kl. 17.00-19.30. Nonni diskó sér um fjörið.
20. desember **Jóladagskrá: Frá kl. 9.00-11.00**
Dagskrá á sal kl. 9.10-10.00. Helgileikur og jólasaga. Nemendur úr 5. bekkjum sjá um helgileikinn og nemendur úr 7. bekkjum sjá um jólasöguna.
Stofujól frá 10.00-11.00. Mæting í heimastofur kl. 9.00. Farið í salinn kl. 9.10. Stofujól hefjast kl. 10.00 og eru til 11.00.
Smákökur og gos. Sælgæti ekki í boði. Skipst á jólakortum og pakkaleikur (miðað við 1000 kr. hámark).



Jólahald í desember

Unglingadeild:

9. desember Nemendur unglingadeildar fara í Hafnarfjarðarkirkju með sínum umsjónarkennurum.
13. desember Jólasamvera þar sem hver bekkur kemur með atriði.
14. desember Berent Karl Hafsteinsson kemur með forvarnarfræðslu fyrir 10. bekki og fjallar hann um reynslu sína eftir umferðaslys.
19. desember Stofujól hjá nemendum unglingadeildar. Nemendur mega koma með sparinessi (smákökur og gos) í skólann þennan dag. Dagskrá er frá kl. 8.20-12.00.
19. desember
Kvölddagskrá: Jólball frá kl. 19.30-21.30. Skyldumæting fyrir nemendur í unglingadeild. Að öðrum kosti þurfa þeir að mæta 20. desember og aðstoða við jólahald í yngri deild frá kl. 10.00-12.00. Umsjónarkennarar taka mætingar á jólballinu.

Dagskrá 19. des. Stofujól	Hópur I 8.HEH,10.MK,9.SB	Hópur II 8.MS,9.GB,
8.10-10.00	Stofujól	Jóla-bíó
10.00-10.30	Frímínútur	Frímínútur
10.30-12.00	Jóla-bíó	Stofujól

Heilsdagsskóli yfir hátíðir

Þriðjudaginn 20. desember verður skólastarf með sveigjanlegum hætti eins og tilgreint er á skóladagatali, en þá verða jólaskemmtanir. Heilsdagsskólinn verður því opinn frá kl. 11.00 til kl. 17.00. Skrá þarf barnið fyrir 15. des. með því að senda póst til Kristínar á netfangið kristinomars@hafnarfjordur.is.

Frá og með 21. des. til og með 3. janúar verður lokað í Holtaseli en í boði verður jólasmiðja ÍTH í Setbergsskóla á þessu tímabili.

Þeir foreldrar sem hyggjast nýta sér jólasmiðjuna í jólafríinu verða að skrá barnið fyrir 15. desember á netfangið lindah@hafnarfjordur.is. Ekki verður unnt að verða við ósk um dvöl fyrir þessa daga berist hún síðar. Það skal þó tekið fram að jólafrí er auðvitað frí nemenda frá skóla og oft getur verið gott að hvílast aðeins frá skólatengdu starfi svo nemendur komi endurnærðir til baka.

Gjald fyrir hverja klukkustund er 223 krónur og þurfa börnin að koma með nesti að heiman þessa daga. Kveðja, Kristín Ómarsdóttir verkefnastjóri ÍTH í Hvaleyrarskóla.

S:694-5778

KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA



Námsráðgjafi Hvaleyrarskóla Arndís Harpa Einarsdóttir



Arndís Harpa Einarsdóttir
Netfang: harpa@hvaleyrarskoli.is

Hlutverk námsráðgjafa í grunnskóla er að standa vörð um velferð nemenda, styðja þá og liðsinna, bæði í námi og persónulegum málum. Einnig að veita ráðgjöf um vinnubrögð og námstækni; s.s. skipulagningu náms, tímastjórnun, prófaundirbúning, markmiðssetningar og prófkvíða.

Hægt er að leita til námsráðgjafans með öll þau málefni sem nemandinn þarfnast stuðnings og ráðlegginga við.

Hjá námsráðgjafa er einnig hægt að fá upplýsingar um nám, störf og atvinnulíf. Námsráðgjafi getur veitt nemendum stuðning í einkamálum og vísað í úrræði sem henta. Hægt er að tala um hvað sem er við námsráðgjafann.

Helstu verkefnin eru: Persónuleg ráðgjöf og stuðningur; lífsvenjur (svefn, mataræði, hreyfing), samskipti (við samnemendur, fullorðna o.fl.), einelti, kvíði, feimni, vímuefni, tölvufíkn, styrkleikar, færni og annað. Náms- og starfsfræðsla; s.s. áhugasviðskannanir, val á námsgreinum í framhaldsnámi, starfssvið, áhugamál, framhaldsskólakynningar, starfskynningar og kynningar á atvinnulífinu. Seta í ýmsum ráðum og nefndum sem fjalla um velferð nemenda, s.s. eineltisteymi, lausleitarteymi, SMT-teymi og nemendaverndarráði.

Skrifstofa námsráðgjafa er á unglingadeildargangi í stofu 6. Opíð er kl. 8.30-16.00 alla virka daga. Viðtalstímar eru eftir samkomulagi, en öllum nemendum og foreldrum er frjálst að koma eða hringja á viðverutímanum.

Sóley Lind Pálsdóttir gerði jafntefli við Friðrik Ólafsson

Sóley Lind Pálsdóttir nemandi í 7. SHS. gerði jafntefli gegn stórmeistarann Friðriki Ólafssyni í fjölteflinu í Hörpu sl. laugardag. Þar tefldi Friðrik við þrettán af efnilegustu ungmönnum landsins. Sóley Lind var á meðal fjögurra skákanna sem náðu þeim árangri að gera jafntefli við stórmeistarann.



KURTEISI ÁBYRGÐ SAMVINNA

Hvalrekkinn 54tbl. 9. árg. desember 2011. Fréttabréf Hvaleyrarskóla í Hafnarfirði.
Umsjón: Steinar Ó. Stephensen. Ábyrgðarmaður: Helgi Arnarson.

Hvalrekkinn er á www.hvaleyrarskoli.is

